

Iðnaðarráðuneyti			
Málsnr.	IDN/2020066	Ábm.	ESG
B lyk.	2.2.1	Áðrir	IMP
Mótt.	31.05.2012	Fskj.	
Aths.		Trúnað.	

Reykjavík 29. maí 2012

Iðnaðarráðuneyti
b/t. Erla Sigríður Gestsdóttir
Arnarhvoli 150
Reykjavík

Efni: Háspennulína um Eyjafjörð.

Vísað er í bréf ráðuneytisins dagssett 23. mars 2012 Tilv:IDN2020066/2.2.2 þar sem hagsmunaaðilar í flugi eru hvattir til að senda inn athugasemdir vegna fyrirhugaðrar lagningar á háspennulínu sem þverar Eyjafjörð sunnan Akureyrarflugvallar.

Áhyggjur Flugfélags Íslands af fyrirhuguðum framkvæmdum eru tvíþættar.

Í fyrsta lagi er almennt mikilvægt að takmarka hindrandir í nágrenni flugvalla og forðast að búa til nýjar hindrandir í nágrenni flugvalla. Í því tilfalli sem hér um ræðir er háspennulínan utan hindranaflatar sem reglugerðir gera kröfu um. Ljóst er að reglugerðir geta ekki að fullu tekið á öllum þeim afbrigðum sem geta komið upp við óvissu eða neyðarástand og því er mikilvægt að forðast eftir mætti að reisa nýjar hindrandir í nágrenni flugvalla.

Í öðru lagi er það áhrif þau sem viðkomandi lína getur haft á áreiðanleika aðflugsbúnaðar, bæði á jörðu og um borð í flugvélum.

Til þess að fyrirbyggja mögulega hættu sem flugumferð gæti stafað af umræddri háspennulínu leggur Flugfélag Íslands til að línan verði, í nágrenni Akureyrarflugvallar, lögð í jörð.

Virðingarfyllst,



Einar S. Björnsson, flugrekstrastjóri
Flugfélag Íslands